

Umhverfisstofnun
Áb. _____
26. maí 2014
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Húnaþing vestra  
Sigurbjartur Halldórsson  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstangi

Reykjavík, 26. maí 2014  
Tilvísun: UST20140500202/bs

### Framkvæmdaleyfi fyrir hitaveitulögn í jörðu frá Litla-Ósi að Gauksmýri. Umsögn

Vísað er til bréfs Húnaþings vestra dags. 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint framkvæmdaleyfi.

Fyrirhugað er að leggja hitaveitulögn í jörðu frá stofnæð hitaveitunnar við Litla-Ós og að Gauksmýri í Línakradal.

Lýsing á framkvæmd. Lagnir í jörðu eru ca. 6400 metra stofn- og heimæðalagnir, dæluhús verður reist á nýrri lóð úr landi Litla-Ós Hhv dælustöð. Áætlað er að framkvæmdir hefjist í byrjun júní og ljúki um miðjan september 2014.

Framkvæmdasvæðið er á landbúnaðarlandi sem að mestu leyti eru ræktuð tún. Ummerki um framkvæmdina ættu að verða hverfandi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Björn Stefánsson  
sérfræðingur